

10. des ákall forseta SI

10. desember ákall forseta Alþjóðasambands Soroptimista 2010 ber yfirskriftina:
Fjárfestum í framtíðinni: Eflum menntun og leiðtogahæfni kvenna.

Fyrir á þessu ári völdu Soroptimistar um allan heim að næsta langtímaverkefni samtakanna yrði: **Efling menntunar og leiðtogahæfni kvenna.**

10. des ákall forsetans að þessu sinni er ætlað að vera fyrsta skrefið í innleiðingu langtímaverkefnisins með því að tryggja því öruggt fjármagn. Þetta er í fyrsta skipti sem alþjóðlegt verkefni gerir Soroptimistum kleift að styðja aðra Soroptimista beint.

Athöfn er orðum æðri.

Með stuðningi við verkefnið hjálpum við Soroptimistum að:

Auka hæfni og öryggi kvenna.

Breyta viðhorfum og skipulagi þannig að konur geti verið virkir samfélagsþegnar.

Efla leiðtogahæfni kvenna.